



Skóla þjónusta

Rangárvalla og
Vestur Skaftafellssýslu

Rekstrarárið 2019
Starfsárið 2019-2020

Júní 2020

Efnisyfirlit

Rekstrarárið 2019.....	3
Starfsárið 2019-2020.....	3
Verkefni skólaþjónustunnar	5
Kennsluráðgjöf.....	5
Sálfræðingar og talmeinafræðingur	7
Önnur mál	8
Rekstrarfyrirkomulag/mannauðsmál.....	8
Sveitastjórnir/fræðslunefndir og þriðju aðilar.....	9
Starfshættir/starfsumhverfi	9
Skipulögð fræðsla til starfsfólks leikskóla og grunnskóla.....	10
Forvarnarstarf	11
Kórónuveirufaraldurinn með COVID-19.....	12
Starfsáætlun 2020-2021	12

Rekstrarárið 2019

Á rekstrarárinu 2019 var fjárhagur og rekstur á höndum tveggja forstöðumanna, þess fyrrverandi frá áramótum til 31. júlí og núverandi forstöðumanns frá þeim tíma út árið. Fjárhagsáætlun var gerð í tíð áður starfandi forstöðumanns.

Greiðsla launa og launatengdra gjalda var rúmlega 13 m.kr. lægri en áætlað var eða nálægt 37%. Munar þar mestu um áætlaða ráðningu í 100% stöðugildi kennsluráðgjafa sem ekki gekk eftir, lægra starfshlutfall ráðgjafa en áætlað var og fækkun fastra yfirvinnutíma forstöðumanns. Rekstur bifreiða var einnig lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Útgjöld til annars reksturs voru hærri en lagt var upp með, um rúmlega 3 m.kr. Afgangur af rekstri, yfir 10 m.kr., var nýttur til lækkunar á framlögum aðildarsveitarfélaga til skólaþjónustunnar.

Starfsárið 2019-2020

Um starfsemi Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu gildir *reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019*. Reglugerðin á stoð í 21. og 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Starfsemin nær einnig yfir þjónustu ráðgjafa og sérfræðinga sem starfa eftir lögum um störf þeirra. Ýmis önnur lög, reglugerðir og stjórnvaldsákvarðanir stýra starfseminni.

Framsetning á umfjöllun í skýrslunni er hlutfallsleg en ekki töluleg, ber því að setja fyrirvara um fjölda mála. Er þetta gert vegna krafna um persónuvernd í einstökum málum – jafnt nemenda sem annarra einstaklinga, stofnana og stjórnvalda – sem skólaþjónustan kom að á síðasta starfsári.

Starfsár skólaþjónustunnar er 1. ágúst til 31. júlí. Í upphafi starfsárs 2019-2020 lét þáverandi forstöðumaður/kennsluráðgjafi, Edda Antonsdóttir, af störfum og við tók Þórunn Jóna Hauksdóttir. Hrafnhildur Björnsdóttir starfaði sem fulltrúi/ritari og ráðgjafar/sérfræðingar voru Halldóra Guðlaug Helgadóttir kennsluráðgjafi, Arnheiður Dögg Einarsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Sigríður Arndís Þórðardóttir talmeinafræðingur, Hrund Þrándardóttir, Anna María Valdimarsdóttir og Linda Björk Oddsdóttir sálfræðingar.

Við flutning fjármálaumsýslu fór launa- og rekstrarbókhald skólaþjónustunnar frá G. Pétri Guðgeirssyni hjá KPMG. Hann hefur í 17 ár haft umsjón með öllum fjárreiðum, fyrst Skólaskrifstofu Suðurlands og svo Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Hann hefur í gegnum árin stutt forstöðumann dyggilega við fjárhagsáætlanagerð og ut anumhald fjárhags.

Ýmislegt nýtt og sumt óvænt hafði áhrif á starfsemina 2019-2020, t.d.

- var starfsárið hafið þegar forstöðumaður tók við.
- breyting á rekstrarfyrirkomulagi skólaþjónustunnar.
- flutningur á umsýslu rekstrar- og launabókhalds.
- breytt eða aukið samstarf við þriðja aðila um samþætta þjónustu.
- aukið hlutverk við upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til opinberra aðila.
- kórónuveirufaraldurinn með COVID-19.

Umfjöllun í skýrslunni er ekki tæmandi um starfsemi skólaþjónustunnar á starfsári 2019-2020.

Verkefni skólaþjónustunnar

Skólaþjónustan veitir stuðning við nemendur í leik-og grunnskólum og foreldra þeirra sem og við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Í þessu felst annars vegar fræðsla, leiðsögn og ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda og náms nemenda með sérþarfir og hins vegar um starfshætti skóla, nýbreytni- og þróunarstörf og starfsumhverfi. Áherslan er á forvarnarstarf, þ.e. snemmtæka íhlutun („pro-active“ fremur en „re-active“). Tilgangurinn er í fyrra lagi að nefndir aðilar séu sjálfbærir um lausnir á frávikum sem mögulega þarfnast ekki inngrips og í síðara lagi að efla skóla sem faglegar stofnanir.

Mynd eitt sýnir hlutfallsskiptingu á þeirri starfsemi skólaþjónustunnar sem ratar í málaskrá, sbr. lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Tekið er fram að hér eru hvorki meðtalin verkefni náms- og starfsráðgjafa né dagleg og viðvarandi verk.



Mynd 1. Starfsemi skólaþjónustunnar starfsárið 2019-2020

Athuga ber að skiptingin er ekki verkbókhald sem greindi tímann sem tók að sinna hverjum þætti starfseminnar.


Á mynd tvö sést að mun fleiri einstaklingsmál voru vegna grunnskólanemenda en nemenda í leikskóla og í heild voru tvöfalt fleiri mál vegna drengja en stúlkna.

Kennsluráðgjöf

Alls sneru 65% allra mála að kennsluráðgjöf, flest komu frá skólum en nokkur frá foreldrum eða öðrum.


Verkefni kennsluráðgjafa eru:

- Stuðningur við starfsfólk skóla
- Kennsla og umönnun
- Náms nemenda með sérþarfir
- Starfshættir skóla
- Nýbreytni- og þróunarstarf
- Starfsumhverfi skóla



Mynd 2. Skipting einstaklingsmála


Á starfsárinu var leitað til skólaþjónustu um leiðsögn í samskiptum við foreldra og við/milli samstarfsfólks í skólum. Leitað var einnig eftir stuðningi og ráðgjöf vegna félags- og sálræns vanda starfsfólks skóla, vekur það spurningar um mannauðsstjóra sveitarfélaga.



Mynd 3. Kennsluráðgjöf á leikskólastigi

Á mynd þrjú sést að 43% ráðgjafar á leikskólastigi var vegna einstakra nemenda. Algengustu ástæður einstaklingsmála voru grunur um frávík í málþroska og hegðun og svo líðan. Mikilvægt er að taka fram að nánast undantekningalaust voru úrlausnarefni margþætt hjá hverju barni. Á fyrstu stigum íhlutunar er t.d. oft óljóst hvort rót vanda er tengd málþroska eða hegðun. Aðrar ástæður eru t.d. þroski, félagstengsl, aðlögun og sjálfsbjörg. Ráðgjöf til skóla og þ.m.t. foreldra var veitt í 28% tilvika en í 72% tilvika sat ráðgjafi í teymi um eftirfylgd.

Leiðsögn, stuðningur og fræðsla til skóla var 57% ráðgjafar á leikskólastigi, þriðjungur þess var þvert á skóla. Sneru málin að starfsháttum, starfsumhverfi og nýbreytni og þróun. Mikil gróska var í þróunarverkefni leikskóla: Snemmtæk íhlutun – mál og læsi. Vonast er til að sú vinna sem fram fór innan hvers skóla auki líkur á hámarksárangri barna hvað varðar mál, tal, boðskipti og læsi. Sameiginleg ígrundun hefur leitt af sér aukna færni og öryggi starfsfólks í vinnu með mál og læsi. Umræða á faglegum nótum hefur eflt lærdómssamfélagið í umdæmi skólaþjónustunnar. Áætlað er að kynna þá hlið verkefnisins á Menntakviku menntavísindasviðs Háskóla Íslands í haust en Menntavísindastofnun velur erindi á ráðstefnuna.



Mynd 4. Kennsluráðgjöf á grunnskólastigi

Á mynd fjögur sést að 54% ráðgjafar á grunnskólastigi var vegna einstakra nemenda. Langalgengasta ástæðan var grunur um frávík í málþroska og svo lestur, skilgreindar sérþarfir og einbeiting. Mikilvægt er að taka fram að nánast undantekningalaust voru úrlausnarefni margþætt hjá hverju barni. Aðrar ástæður voru t.d. námsstaða, líðan og félagstengsl. Úrræði var nánast undantekningalaust seta ráðgjafa í teymi um eftirfylgd.

Leiðsögn, stuðningur og fræðsla til skóla eða foreldra var 22% ráðgjafar á grunnskólastigi. Sneri helmingur mála að starfsháttum og samtals 2/3 að starfsháttum og starfsumhverfi. Í upphafi árs var Foreldrahús með forvarnarfræðslu um vímuefni og skaðsemi þeirra. Fræðsla var annars vegar fyrir starfsfólk skóla og hins vegar foreldra barna í elstu bekkjum. Þátttaka af hálfu beggja aðila frá öllum grunnskólum var gríðarlega góð.

Í 24% tilfella sneru verkefni kennsluráðgjafa að öðrum málum er varða grunnskólanemendur og skólastarf.

Sálfræðingar og talmeinafræðingur

Á mynd eitt má sjá að fjórðungur mála í málaskrá var á borði sálfræðinga og talmeinafræðings. Talmeinafræðingur veitti fræðslu til starfsfólks leikskóla á námskeiði skólaþjónustu sem sniðið er að nýju starfsfólki leikskóla og mæting þess áskilin. Öll mál hennar voru athuganir.

Frá upphafi árs 2018 hefur málum verið skipt milli sálfræðinga eftir sérhæfingu hvers þeirra og engin bið verið eftir sálfræðiþjónustu. Af heildarfjölda mála sem undir sálfræðinga heyrðu 2019-2020 nutu 18% nemenda þá þegar úrræðis innan heilbrigðiskerfisins. Þær veittu ráðgjöf í

25% tilfella, annað voru athuganir (greiningar). 67% athugana var vísað í áframhaldandi vinnslu en í 22% tilfella nutu nemendur þá þegar þjónustu innan heilbrigðiskerfisins.

Eins og í annarri starfsemi skólaþjónustunnar er stefnan sett á forvarnir og snemmtæka íhlutun vakni grunur um sálræna erfiðleika nemenda. Mjög mikilvægt er að greina vandann vel svo strax sé hægt að koma máli til viðeigandi ábyrgðaraðila; skólaþjónustu, félagsþjónustu eða heilsugæslu.

Önnur mál

Önnur verkefni sem varða starfsemi skólaþjónustu, í skilningi *laga um opinber skjalasöfn*, sneru að innri málum skólaþjónustunnar og út á við:


- Rekstrarfyrirkomulag/mannauðsmál
- Sveitastjórnir/fræðslunefndir
- Þriðju aðilar
- Starfshættir
- Starfsumhverfi

Þótt hundraðshluti þessara verkefna væri 10% af fjölda talinna mála tóku þau langmestan tíma forstöðumanns/kennsluráðgjafa, líkt og undanfarin ár fjölga vinnustundum forstöðumanns. Fyrirferðarmest á síðasta starfsári voru endurskoðun rekstrarfyrirkomulags félags- og skólaþjónustu og flutningur fjármálaumsýslu skólaþjónustunnar, lífeyrisréttindi starfsfólks og verkaskipting skólaþjónustunnar og HSu.

Rekstrarfyrirkomulag/mannauðsmál

Við fjárhagsáætlunargerð ákvað forstöðumaður að áætla út frá rauntölum sl. þriggja ára og auka gagnsæi í framsetningu. Nýtt rekstrarfyrirkomulag á félags- og skólaþjónustu tók gildi um áramót með stofnun tveggja stofnana: Skólaþjónustu og Félagsþjónustu en báðar heyra áfram undir „gömlu“ kennitöluna. Innleiðing fyrirkomulagsins tekur lengri og meiri tíma en var fyrir séð. Fjármálaumsýsla skólaþjónustunnar var flutt í heimabyggð um áramót, verið er að setja upp og færa bókhald og gera upp „gömlu“ kennitöluna. Stefnt er að því að heildarstaða fjárhags og rekstur einstakra liða það sem af er rekstrarárinu 2020, verði tiltækur eftir þriðja ársfjórðung.

Endurskoða þurfti samþykktir Byggðasamlags um Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, m.a. valdheimildir til stjórnvaldsákvæðana milli sveitarfélaga, stjórnar byggðasamlags og félags- og skólaþjónustu og hvernig umboðskehjan er milli sveitarstjórna/fræðslunefnda, stjórnar byggðasamlags og skólaþjónustu.



Mynd 5. Umboðskehja skólaþjónustunnar

Enn fremur að uppfæra kafla um hlutverk skólaþjónustu svo samræmist ákvæðum í *reglugerð nr. 444/2019* og eðli samþykktu. Unnið er að þessu.

Við stofnun Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hafnaði fjármála- og efnahagsráðuneytið, f.h. ríkissjóðs, áframhaldandi lögbundinni greiðslu sérstaks iðgjalds í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins hvar fastráðnir ráðgjafar eiga réttindi sín. Höfnunin er byggð á misskilningi en málið gæti orðið flókið og viðbrögð við kröfu um endurskoðun ákvörðunar leitt til prófmáls fyrir dómstólum. Forstöðumaður gekk því í að gera skólaþjónustuna ábyrga fyrir lögbundnum réttindum ráðgjafanna, með fyrirvara um endurkröfu á ríkissjóð, meðan lögfræðingur rekur málið.

[Sveitastjórnir/fræðslunefndir og þriðju aðilar](#)

Mikilvægir þættir skipulagsheilda sem starfa í síbreytilegum heimi þar sem haghafar eru margir, er skýr ábyrgð, virkt upplýsingaflæði og greiðar boðleiðir. Umhverfi leik- og grunnskólastarfsemi er kvíkt. Á síðasta starfsári biðluðu stjórnvöld og þriðju aðilar til skólaþjónustunnar um milligöngu og upplýsingar. Hér verða nefnd nokkur dæmi.

- Menntamálastofnun biðlaði til skólaþjónustunnar um að vera tengiliður til skóla í umdæminu um ýmsa þætti.
- Samband íslenskra sveitarfélaga óskaði eftir netfangalistum skólanna og upplýsingum um viðbrögð vegna kórónuveirufaraldurs í skólum og hjá sveitarfélögum.
- Menntavísindasvið Háskóla Íslands falaðist eftir greinargerð um menntun og mannauð í leikskólum og í framhaldi milligöngu um fjarfund við alla stjórnendur leikskóla um leikskólakennaranám og annað námsframboð.
- Setrið – sérdeild Suðurlands óskaði t.d. eftir milligöngu fulltrúa skólaþjónustunnar í fagráði, um ráðgjöf til grunnskóla á svæðinu. Stefna Setursins er að leggja meiri áherslu á staðbundna ráðgjöf.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið falast eftir upplýsingum og óskar eftir umsögnum í samráðsgátt stjórnvalda vegna stefnumörkunar.

Verkefni af líkum toga, sem skólaþjónustan hefur umsjón með, eru t.d. fræðsluáætlun fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla, stóra upplestrarkeppnin og þróunarverkefni leikskóla.

Líklegt er að þróun í þessa átt haldi áfram til að auka gagnsæi, stytta boðleiðir og upplýsa haghafa. Erfitt er um vik með framkvæmd og líklegt að skólaþjónustan vísi framvegis svona verkefnum áfram.

[Starfshættir/starfsumhverfi](#)

Heilsugæsla Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hrinti í framkvæmd breytingu á sálfræðiþjónustu stofnunarinnar sem áralöng hefð er fyrir. Verkaskipting HSu og skólaþjónustunnar hefur lengi verið rædd en breytingin, sem tók fyrirvaralaust gildi og var afturvirk, var íþyngjandi fyrir nokkra þjónustuþega. Skýringar HSu eru málefnalegar og kallað hefur verið eftir upplýsingum

til forstjóra HSu um hvernig nú skuli háttá vísunum þangað og hvert ferlið er innan heilsugæslunnar.

Skólaþjónustan hefur þegar lagað sig að þessari ákvörðun með því að bæta við sig verkefni sem HSu sinnti áður. Kostnaðurinn rúmast innan 100% stöðugildis sálfræðings með því að draga úr og færa til aðra þjónustu. Þetta er vænlegasta leiðin svo hægt verði að veita þjónustuna áfram í heimabyggð og koma í veg fyrir mismunun barna á svæði skólaþjónustunnar og barna á höfuðborgarsvæðinu. Málið snertir skiptingu á þjónustu og kostnaði milli ríkis og sveitarfélaga og þróun hennar í sögulegu samhengi.

Á starfsárinu var gerður samstarfssamningur um landshlutateymi á Suðurlandi sem félagsþjónustan og skólaþjónustan eru aðilar að. Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins stýrir verkefninu og aðrir þátttakendur eru HSu, fjölskyldusvið Árborgar og skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. Samstarfið miðar að því að auka þekkingu og efla samþætta þjónustu við börn með sértækar þarfir vegna fatlana. Markmiðið er að þjónustuúrræði verði heildstæðari og veitt í meira mæli en nú er í heimabyggð fjölskyldnanna. Þetta tilraunaverkefni er hluti af framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Leiðtogateymi hefur fundað og fer verkefnið vel af stað.

Hugmyndafræði verkefnisins rímar vel við áherslur skólaþjónustunnar um heildstætt lærdómssamfélag í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Í lærdómssamfélagi deila aðilar þekkingu, læra hverjir af öðrum og auka þar með fagvitund. Markmiðið er að efla gæði í skólastarfi með hagsæld nemenda að leiðarljósi.

Skipulögð fræðsla til starfsfólks leikskóla og grunnskóla

Í *reglugerð um skólaþjónustu* kemur fram að í ákvæðum *laga um leikskóla* og *laga um grunnskóla* skuli í símenntunaráætlunum skóla „... lögð áhersla á að efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla á því að leysa viðfangsefni samkvæmt *reglugerð [um skólaþjónustu]* innan skólanna.“ Fræðsludagskrá skólaþjónustunnar hefur í gegnum árin verið samkomulagsatriði við skólastjórnendur og því óbundin símenntunaráætlunum.

Á fræðsludagskrá skólaþjónustunnar starfsárið 2019-2020 voru níu námskeið fyrir starfsfólk skóla á tímabilinu ágúst til mars. Því miður hélt þróun starfsársins á undan áfram, þ.e. námskeið féllu niður vegna dræmrar þátttöku og nú einnig vegna kórónuveirufaraldursins.

Á samráðsfundi með skólastjórnendum var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu næsta starfsár og leggja einn dag í ágúst undir sí- og endurmenntun. Sveitarstjórnir samþykktu allar ósk um fulla þátttöku af hálfu leikskóla en skv. kjarasamningum eiga leikskólakennarar færri tækifæri til endurmenntunar sem hluta af starfsþróun, heldur en grunnskólakennarar.

Skipulag Menntadags er að taka á sig mynd. Hægt verður að velja milli 19 fyrirlestra og vinnustofa hjá fræðimönnum og frumkvöðlum, bæði úr akademíska geiranum og af vettvangi. Þemun eru í fjórum knippum: Kennsluháttum, lestri, starfsumhverfi nemenda og starfsumhverfi starfsfólks.

Kennsluhættir Staðsetning kemur síðar	Lestur Staðsetning kemur síðar	Starfsumhverfi nemenda Staðsetning kemur síðar	Starfsumhverfi starfsfólks Staðsetning kemur síðar
Nám og starf í skóla fyrir alla Edda Óskarsdóttir lektor og Hafdis Guðjónsdóttir prófessor, Menntavísindasviði Háskóla Íslands	Matstæki Lesferils Andrea A. Guðjónsdóttir og Guðbjörg R. Þórsdóttir, Menntamálastofnun	Kvíði - Hagnýt ráð Hrund Bráðardóttir sálfræðingur, Sálstofunni	Hvort viltu vera gleðigjafi eða fylupúki? Ragnhildur Vigfúsdóttir markþjálfari PCC, Zenter ehf.
Núvítund í skólalærari Inga Friða Tryggvadóttir leikskólalærari og Bryndís Hanna Hreinsdóttir verkefnisstjóri, Leikskólanum Smáralundi	Ihlutunarlíkan Andrea A. Guðjónsdóttir og Guðbjörg R. Þórsdóttir, Menntamálastofnun	ADHD - Hagnýt ráð Hrund Bráðardóttir sálfræðingur, Sálstofunni	
Framsýn menntun Gísli Rúnar Guðmundsson skólalærari, grunnskólanum NÚ	Hvernig sköpum við bestu möguleg þroskaskilyrði hjá öllum börnum er leggja grunn að góðri málvítund og læsi? Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur	Áhuginn verður neistinn sem gefur tilgang til að læra Kristín Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og ráðgjafi, Hermann Örn Kristjánsson deildarstjóri, Hulda Stefánsdóttir þroskabjálfi og Svanfríður Hafberg þroskabjálfi, Setrinu – sérdeild Suðurlands	Nemendur læra hver af öðrum: Samvinnunám Hafdis Guðjónsdóttir prófessor og Edda Óskarsdóttir lektor, Menntavísindasviði Háskóla Íslands
Matur	Matur	Matur	Matur
Smiðjur og þverfaglegt samstarf á unglingsstigi Már Ingólfur Músson og Leifur Viðarsson, kennarar í Vallaskóla	Snemmtæk ihlutun í leikskóla Andrea A. Guðjónsdóttir, Menntamálastofnun	Verkfæri og verklag sem styður við vellið og virkni í daglegu lífi Kristín Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og ráðgjafi, Hermann Örn Kristjánsson deildarstjóri, Hulda Stefánsdóttir þroskabjálfi og Svanfríður Hafberg þroskabjálfi, Setrinu – sérdeild Suðurlands	Að eflast í starfi: Starfendaránnsóknir Hafdis Guðjónsdóttir prófessor og Edda Óskarsdóttir lektor, Menntavísindasviði Háskóla Íslands
Velferðarkennsla Hölmfríður Samúelsdóttir, kennari með diplómagráðu í jákvæðri sálfræði	Fjöltyngi - íslenska. Áskoranir og tækifæri! Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur	Mikilvægi yfirfærslunnar Gunnar Þór Gunnarsson ART þjálfari, ART teyminu á Suðurlandi	Leið að lærdómssamfélagi Halldóra Guðlaug umsjónarmaður þróunarverkefnisins „Snemmtæk ihlutun - mál og

Mynd 6. Dagskrá Menntadags

Hvað bjóða skyldi upp á tók mið af áherslum stjórnendanna og niðurstöðum könnunar sem send var á starfsfólk skólanna. Öðrum þræði er svo litið til starfsþróunar og stofnanafestu í skólunum. Þörf er á heildstæðri fræðsluáætlun svo lögbundin þjónusta sveitarfélaga sé veitt með sem skilvirkustum hætti, samanber t.d. *reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010*. Stjórn byggðasamlags hefur m.a. hvatt sveitarfélög til að efla mannauð í skólunum.

Í bígerð er einnig að fá sérhæfða aðila til að kynna sínar áherslur og úrræði í básum og háskóla sem bjóða kennaratengt nám til að kynna námsleiðir. Ný heimasíða skólaþjónustunnar fer í loftið og þátttakendur velja gildi stofnunarinnar.

Einkunnarorð dagsins eru: *Tökum höndum saman – höfum gagn og gaman*. Tilgangurinn er nefnilega öðrum þræði að styrkja og efla mannauðinn í víðfemu umdæmi skólaþjónustunnar með því að skapa rými fyrir samræður og tengingar þvert á skólastig og sveitarfélög.

Forvarnarstarf

Skólaþjónustan gegnir skilgreindu hlutverki í forvarnarstarfi, í víðri merkingu þess orðs. Vegna nálægðar stofnunarinnar við skóla og foreldra eru áhyggjur oft fyrst reifaðar við starfsfólk hennar. Út frá árvekni og ígrundun þessara aðila allra og gögnum er hægt að álykta að nokkuð brýn þörf sé fyrir markvissa fræðslu og eftirfylgni til nemenda, starfsfólks og foreldra um geðheilbrigði, vímuefni, áhættuhegðun og uppeldisfærni. Er það í samræmi við þróun yfir landið í heild.

Forvarnarhópur umdæmisins var endurvakinn og fulltrúi skólaþjónustu virkur aðili í starfi hans. Aðstæður gerðu að verkum að skólaþjónustan stóð fyrir forvarnarfræðslu frá Foreldrahúsi, sem fyrir er nefnd. Aðkallandi er að starf hópsins verði virkt.

Má telja að fjárveitingum í svona forvarnarstarf, sem og þess forvarnarstarfs sem skólaþjónustu ber lagaleg skylda til að sinna, sé vel varið. Forvarnarfræðsla er líkleg til að draga úr vanlíðan

nemenda og foreldra og álagi á starfsfólk skóla og félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu með tilheyrandi rekstrarkostnaði og töpuðum vinnustundum.

Kórónuveirufaraldurinn með COVID-19

Á síðari hluta starfsársins hafði kórónuveirufaraldurinn áhrif á starfsemi skólaþjónustunnar og má búast við að áhrifa kófsins gæti áfram á næsta starfsári. Verkefnum fækkaði ekki í kófinu en framkvæmd þeirra varð hægari og önnur verkefni bættust við. Leita þurfti nýrra leiða með lausnir og hrósaði starfsfólk skólaþjónustunnar happi yfir að hafa innleitt Teams í upphafi starfsársins. Upplýsingagjöf til skóla og foreldra var aukin með stofnun facebook-síðu skólaþjónustunnar.

Í samræmi við fyrirmæli yfirvalda og til að halda uppi stöðugri starfsemi var ákveðið að fella niður eða draga verulega úr viðveru starfsfólks í skólunum. Forstöðumaður stóð vaktina á starfsstöð alla virka daga en ráðgjafar skiptust með reglulegum hætti á að sinna vinnu þar. Sérfræðingar sinntu sínum málum í ríkara mæli með í gegnum tölvur og síma.

Mikil tækifæri eru fólgin í veflægri þjónustu, t.d. er hægt að bregðast strax við þótt viðkomandi séu ekki á sama stað, safna saman fólki til samræðna, deila og vista skjöl sem sameiginlega er unnið í, veita viðtöl, ráðgjöf og fræðslu. Teams var notað á forvarnarfundum Foreldrahúss þar sem veður hamlaði ferðalagi fyrirlesara. Það getur nýst til þjónustu þann tíma sem annars færi í akstur í umdæmi skólaþjónustunnar.

Starfsáætlun 2020-2021

Í undirbúningi er starfsáætlun skólaþjónustunnar fyrir starfsárið 2020-2021. Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá skólastjórnendum vegna greiningar á þörfum um aðkomu skólaþjónustunnar í hvern skóla og fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra. Við skólastjórnendur hefur verið rædd nauðsyn þess að teikna upp ferli mála og gera hlutverk og ábyrgð hvers aðila skýrara. Í því tilliti leggur skólaþjónustan áherslu á persónuvernd, rannsóknarreglu, jafnræði og meðalhóf við úrlausn mála, sbr. *stjórnsýslulög*.

Áhersla verður á snemmtæka íhlutun í formi leiðsagnar, stuðnings og ráðgjafar og gagnsæi í ferli mála. Samhliða er unnið að skiptingu verkefna eftir hæfni og óskum starfsfólks skólaþjónustunnar. Stefnt er að aukinni skilvirkni í starfsemi og bættri nýtingu fjárheimilda og mannauðs.